

Markaðssetning og notkun plöntuverndarvara

2017-2024



Markaðssetning og notkun plöntuverndarvara 2017-2024

Október 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:36

Suðurlandsbraut 24	Rangárvellir 2	Austurvegur 20
108 Reykjavík	603 Akureyri	800 Selfoss

Sími 569 6000

www.uos.is

Efnisyfirlit

1	Upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara.....	4
2	Plöntuverndarvörur settar á markað 2024 í kg af vörum.....	4
3	Plöntuverndarvörur settar á markað 2024 í kg af virku efni.....	5
4	Sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum.....	6
5	Skipting á notkun notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara	7
6	Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarsviði.....	8
Viðauki A: Plöntuverndarvörur settar á markað fyrir árin 2022, 2023 og 2024 gefin upp sem kg af virku efni		9

1 Upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara

Plöntuverndarvörur eru notaðar í landbúnaði og garðyrkju til að verja uppskeru nytjaplantna fyrir ýmsum skaðvöldum en til þeirra teljast skordýra-, sveppa-, lindýra- og illgresiseyðar ásamt stýriefnum. Reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur innleiðir reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og samkvæmt henni þurfa plöntuverndarvörur markaðsleyfi hér á landi til þess að þær megi setja á markað og nota. Umhverfis- og orkustofnun gefur út markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum og hefur eftirlit með markaðssetningu þeirra, sbr. efnalög nr. 61/2013.

Við gildistöku efnalaga féllu úr gildi allar skráningar plöntuverndarvara en heimilt var að sækja um tímabundna skráningu fyrir þær plöntuverndarvörur sem höfðu verið með skráningu. Þá voru veittar 114 tímabundnar skráningar fyrir plöntuverndarvörum, en gildistíminn er háður því hvenær búið er að áhættumeta virka efnið í vörunni á vettvangi ESB. Tímabundnar skráningar falla því smám saman úr gildi og verður þá að sækja um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum til þess að þær megi vera áfram á markaði. Í ársbyrjun 2022 voru 50 plöntuverndarvörur með tímabundna skráningu, 46 í byrjun árs 2023, 46 í byrjun janúar 2024 og 41 í byrjun janúar 2025.

Plöntuverndarvörur skiptast í tvo flokka, annars vegar vörur sem ætlaðar eru til almennrar notkunar og hins vegar notendaleyfisskyldar vörur sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnuskyni. Umhverfis- og orkustofnun stendur árlega fyrir eftirlitsverkefnum sem nýtast m.a. til að afla upplýsinga um plöntuverndarvörur sem settar eru á markað og um sölu notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara.


Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (nú Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið) gaf á árinu 2016 út Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara sem gildir til loka árs 2031 og í henni eru sett fram 11 markmið í því skyni að draga úr notkun á plöntuverndarvörum. Eitt af þeim er að Umhverfis- og orkustofnun uppfæri og viðhaldi gögnum um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara hér á landi í því skyni að ætíð liggi fyrir bestu fáanlegu upplýsingar um stöðu mála hvað þetta varðar. Í þessari skýrslu eru teknar saman upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara fram til loka ársins 2024.

2 Plöntuverndarvörur settar á markað 2024 í kg af vörum

Á árinu 2024 voru flutt inn alls 10.007 kg af plöntuverndarvörum, sem ýmist eru ætlaðar til almennrar notkunar eða notkunar í atvinnuskyni og kallast hinar síðarnefndu notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur (Mynd 1).

Innflutningur á plöntuverndarvörum hefur verið mismikill á milli ára og liggja sveiflurnar einkum í því að vörur eru fluttar inn í stórum sendingum, sem ætlaðar eru til sölu í fleiri en eitt ár, eða að upp koma vandamál í plöntuvernd sem kalla á aukna notkun plöntuverndarvara til að koma í veg fyrir tjón eða uppskerubrest.

Það að innflutningur plöntuverndarvara jókst á milli áranna 2021 og 2022 má rekja til þess að flutt var inn talsvert meira magn af sveppaeyðum en á fyrri árum til þess að bregðast við tjóni af völdum kartöflumyglu við ræktun á kartöflum. Mikið tjón varð af völdum kartöflumyglu við ræktun kartaflna á árinu 2021 með þeim afleiðingum að talsvert var um smit í kartöflugörðum á árinu 2022. Innflutningur plöntuverndarvara dróst lítillega saman á milli áranna 2022 og 2023 vegna þess að minna var flutt inn af sveppaeyðum og illgresiseyðum á árinu 2023. Innflutningur plöntuverndarvara dróst enn meira saman á árinu 2024 og er helsta ástæða þess samdráttur í innflutningi á illgresiseyðum, auk þess sem minna var flutt inn af sveppaeyðum en árið á undan.



Mynd 1. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árunum 2017-2024, kg af vörum.


Í Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 er settur fram áhættuvísir varðandi innflutning á plöntuverndarvörum (kg alls af vörum) og samkvæmt honum skal innflutningur ekki nema meiru en 12.000 kg alls á ári. Það markmið náðist á árinu 2024, sbr. mynd 1.

3 Plöntuverndarvörur settar á markað 2024 í kg af virku efni

Þegar meta á áhrif plöntuverndarvara á heilbrigði og umhverfi gefur magn virkra efna mun betri vísbendingar um raunverulegt álag heldur en heildarmagn vara sem settar eru á markað. Þar sem styrkur virku efnanna í plöntuverndarvörum liggur alltaf fyrir er hægt að reikna út hve ákveðið heildarmagn af vöru samsvarar miklu magni af virkum efnum. Innflutningur á

plöntuverndarvörum mælt í kg af virku efni nam 2.417 kg á árinu 2024 (Mynd 2) og jókst því frá fyrra ári.

Í viðauka A má sjá yfirlit yfir virk efni sem sett voru á markað á árunum 2022-2024 og magn þeirra, en tekið skal fram að þær tölur gefa eingöngu upplýsingar um magn sem sett var á markað á hverju ári en ekki um notkun varanna á ársgrundvelli. Samkvæmt áhættuvísi úr Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 skal innflutningur á virkum efnum ekki nema meiru en 3.000 kg á ári og því er ljóst að innflutningur á árinu 2024, sem og á árunum þar á undan, er undir því markmiði. Á mynd 2 má sjá að innflutningur á plöntuverndarvörum til almennrar notkunar hefur dregist saman undanfarin ár á meðan innflutningur á plöntuverndarvörum til notkunar í atvinnuskyni hefur heldur aukist.




Mynd 2. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árunum 2017-2024, kg af virkum efnum.

4 Sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum

Umhverfis- og orkustofnun kallar á hverju ári eftir upplýsingum frá söluaðilum hér á landi um sölu þeirra á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum fyrir næstliðið ár. Samkvæmt þeim voru á árinu 2024 seld 4.797 kg af notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum eða sem samsvarar 1.559 kg af virku efni og er það samdráttur miðað við árið á undan (Tafla 1). Samkvæmt markmiðum í Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 skal sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum ekki nema meiru en 2.400 kg af virku efni á ári, það er því ljóst að þetta markmið náðist á árinu 2024 (Mynd 3).

Tafla 1. Sala 2022-2024 á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum.


	2022	2023	2024
Sala á plöntuverndarvörum, kg alls vörur	6419	6042	4797
Sala á plöntuverndarvörum, kg virk efni	2278	1917	1559
Fjöldi seldra vörutegunda	36	42	39



Mynd 3. Sala 2022-2024 á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum, kg af virku efni.

5 Skipting notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara eftir notkun

Á árinu 2024 var mest selt af illgresiseyðum og því næst sveppaeyðum (Mynd 4). Sala plöntuverndarvara mæld í kg af virku efni dróst saman á milli áranna 2023 og 2024 og munar þar mestu um samdrátt í sölu á illgresiseyðum. Tekið skal fram að þessar tölur eiga eingöngu við um notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur.




Mynd 4. Skipting á sölu notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara, kg af virku efni.

6 Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarviði

Upplýsingar um fjölda plöntuverndarvara á markaði eru fengnar úr eftirlitsverkefnum Umhverfis- og orkustofnunar, þar sem eru skoðaðar allar vörur sem eru á markaði þegar eftirlit fer fram. Samkvæmt niðurstöðum úr eftirlitsverkefnum síðustu ára hefur vörutegundum á markaði fækkað, þó svo að þeim hafi fjölgað örlítið undanfarin tvö ár.

Í Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 kemur fram spá um fjölda plöntuverndarvara sem yrðu á markaði hér á landi árið 2025 og skiptingu varanna eftir því hvort þær séu ætlaðar til almennrar notkunar eða eingöngu til notkunar í atvinnuskyni. Spáin byggir á mati á því að til staðar á markaði séu nægilega margar mismunandi plöntuverndarvörur til þess að uppfylla á fullnægjandi hátt þarfir í plöntuvernd, bæði almennings og atvinnulífs. Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að 72 plöntuverndarvörur verði á markaði á árinu 2025, þar af 54 eingöngu ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni (75%) og 18 til almennrar notkunar (25%).

Á árinu 2024 voru 8 vörur á markaði sem ætlaðar eru til almennra nota og 30 notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur.



Mynd 5. Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarviði.

Viðauki A: Plöntuverndarvörur settar á markað fyrir árin 2022, 2023 og 2024 gefin upp sem kg af virku efni

Virkt efni	Notkunarvið	Flokkur	2022	2023	2024
2,4-D	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		56	
abamektín	í atvinnuskyni	skordýraeyðir			0,2
aklónífen	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	324	384	303
asadíráktín	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	0,25		3
benþíavalíkarb-ísóprópýl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		0,7	2,5
bífenasat	í atvinnuskyni	skordýraeyðir		1,1	
deltrametrín	almenn notkun	skordýraeyðir		7,2	7,5
díkamba	almenn notkun	illgresiseyðir	2,2	16,1	2,1
díklórpróp-P	almenn notkun	illgresiseyðir	8,9	0,5	9,4
díkvat-díbrómíð	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	47		
dódemorf	almenn notkun	sveppaeyðir	43	86	129
ediksýra	almenn notkun	illgresiseyðir	28,8		
fitusýrur	almenn notkun	illgresiseyðir	71		75,9
flóníkamíð	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	5	2,5	
flórasúlam	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	2	1,5	1
flúasínam	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	198	42,5	80
flúdíoxóníl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	15	12	11
flúxapýroxað	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	34		41,3
fosetýl-Al	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	4,7	27,9	11,2
glýfosat	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	142	90,8	985,5
járnfosfat	almenn notkun	skordýraeyðir	1,2	0,8	1,1
kletódím	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	9,4		2,9

klómasón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	22	30	31
mandíprópamið	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	177,5	12,5	15
MCPA	almenn notkun	illgresiseyðir	33	59,9	32,9
meklópróp-P	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		33,8	
metasaklór	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	15		20
metríbúsín	almenn notkun	illgresiseyðir	4,2	1,8	11,4
naprópamið	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	9	32,5	4,5
pendímetalín	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	13,7	22,8	27,3
penkónasól	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	0,2		0,4
próklóras	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	5,5		
própakvisafóp	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	20	3,5	3
próпамóкарb	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	880	524	423,1
pýraflúfenetýl	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	3,4	3,4	2,8
pýraklóstróbín	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	67,5	0,2	82,5
pýretrín	almenn notkun	skordýraeyðir	3	3	0,1
rímsúlfúrón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	0,7		0,3
spínósað	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	1,2	3,6	5,5
spírótetramat	í atvinnuskyni	skordýraeyðir		0,1	
Streptomyces K61	almenn notkun	sveppaeyðir		0,01	
sýasófamið	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		11,2	23,2
sýmoxaníl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	109	59,5	50,5
sýpermetrín	almenn notkun	skordýraeyðir	33	37,8	
sýpródíníl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	0,8		
tríbenúrón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	6,5	2,8	9
trínexapak	almenn notkun	stýriefni	21	16,3	
Alls sett á markað í kg af virku efni			2.362	1.597	2.417